



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Kópavogur, 9.12.2020.

Umhverfis-og samgöngunefnd Alþingis.
Fjárlaganefnd Alþingis.

Efni: Varða frumvarp til fjáráukalaga 2020 og frumvarp til fjárlaga 2021. Framlög til reksturs almenningsamgangna.

Í umsögn SSH um frumvarp til fjárlaga 2021 og fjármálaáætlun 2021-2025 var vakin athygli á hallarekstri Strætó bs vegna áhrifa af Covid-19 á árinu 2020. Miðað við fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun Strætó bs. 2021 vantar um 900 millj.kr inn í rekstur almenningsamgangna vegna tapreksturs á árinu 2020.

Að mati SSH er mikilvægt að ríkið komi að málum með beinu framlagi til reksturins almenningsamgangna vegna áhrifa af Covid-19, líkt og gert hefur verið m.a. í Svíðþjóð, Noregi Finnlandi og Danmörku. Þar hefur verið brugðist við þessum áhrifum með því að veita sveitarfélögum framlög til vega á móti töpuðum farþegatekjum. Sem dæmi hefur Norska ríkisstjórnin veitt um 66 milljörðum ísl kr til reksturs almenningsamgangna í framlögum sínum vegna Covid 19.

Ef afleitt tekjutap vegna áhrifa Covid 19 skellur á sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu vegna almenningsamgangna, bætist það við áætlað rekstrartap þeirra á árinu 2021. Óhjákvæmlega getur það haft afleiðingar í för með sér m.a. í skertri þjónustu, þó það væri þvert á vilja sveitarfélaganna. Slíkt myndi einnig vinna á móti sameiginlegum markmiðum ríkis og sveitarfélaga í því verkefni að efla almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og þeim markmiðum sem unnið er að í þeim efnum m.a. er varðar loftslags- og lýðheilsu. Í Covid-19 faraldrinum hefur Strætó bs.staðið vaktina og haldið uppi svo til fullri þjónustu við farþega þó eftirspurnin eftir þjónustu hefði minnkað og þá til að gera farþegum kleift að viðhalda fjarlægðarmörkum í strætisvögnunum og stuðla þannig að því að íbúar höfuðborgarsvæðisins þ.m.t framlínustarfsmenn gætu komist til og frá vinnu á öruggan hátt.

Það er því von sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu að ríkið komi með framlag til almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu til þess að vega á móti því fjárhagslega tapi sem verður hjá Strætó bs vegna Covid-19.

Virðingarfyllt,

f.h. Stjórnar SSH


Páll Hjörgvin Guðmundsson

Framkvæmdastjóri SSH



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Afrit:

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra.

Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra.

Handwritten signature in blue ink.